

FYRIRHYGGJU VERKEFNI III

Vinnublað



RETORE
REMEMBER TO REMEMBER



Samfjármagnað af
Evrópusambandinu

FYRIRHYGGJU VERKEFNI III

VERSLUNARMIÐSTÖÐ – DÝRAGARÐUR – KAFFIHÚS OG SÆLGÆTISBÚÐ

Athugasemdir fyrir leiðbeinanda

Leiðbeinandi verkefnis er með **Fyrirhyggju verkefni III** tilbúið (blaðið fyrir nemanda, kortið, leikjaspjöld og vinnublað með Verslunarmiðstöð - Dýragarðurinn - Kaffihúsi og sælgætisbúð.

- Leiðbeinandi kynnir fyrir nemanda hvað honum er **sett fyrir með Fyrirhyggju verkefni III** (vinnublað nemanda).
- Nemandinn les yfir viðfangsefni verkefnis og leiðbeinandi gengur úr skugga um að nemandi skilji verkefnið.
- Leiðbeinandi setur nemanda fyrir mismunandi bakgrunnsverkefni (notar til þess verkefni sem þjálfar virknistjórn).
- Nemandinn byrjar að vinna eitt af verkefnum sem sett er fyrir af leiðbeinanda af vinnublaðinu með verkefnum sem þjálfar virknistjórn.
- Á meðan á verkefninu stendur, bankar leiðbeinandi þrisvar í borðið, sem gerir nemanda viðvart að hefja **verkefni 1 Verslunarmiðstöð**.
- (Nemandinn setur leikjaspjaldið á áfangastað á kortinu og velur rétta mynd frá vinnublaðinu **Verslunarmiðstöð, í þessu tilviki, svarta og græna línuskauta sem kosta allt að 10.000 kr**).
- Nemandinn snýr sér aftur að bakgrunnsverkefninu (af vinnublaði með verkefnum sem þjálfar virknistjórn).
- Á meðan á verkefninu stendur biður leiðbeinandinn nemanda um að hefja **verkefni 2 Dýragarður, eftir fjórar mínútur**.
- (Nemandinn setur leikjaspjaldið á áfangastað á kortinu og velur réttar myndir af vinnublaðinu **Dýragarður**).
- Nemandinn snýr sér aftur að bakgrunnsverkefninu (vinnublað með verkefni sem þjálfar virknistjórn).
- Leiðbeinandinn sýnir nemandanum mynd af **tré**, sem gerir nemandanum viðvart að hefja **verkefni 3 Kaffihús og sælgætisbúð**.
- (Nemandinn leggur leikjaspjaldið á áfangastað á kortinu og velur réttar myndir af vinnublaðinu Kaffihús og sælgætisbúð).
- Nemandinn snýr sér aftur að bakgrunnsverkefninu (vinnublað með verkefni sem þjálfar virknistjórn).

Athugið:

Þegar merki um að hefja verkefni er byggt á atburði, byrjar nemandinn á því að vinna verkefnið eftir að hann fær að sjá myndina hjá leiðbeinanda.

Þegar merki um að hefja verkefni er tímasett, byrjar nemandinn að því að vinna verkefnið þegar leiðbeinandi segir.

VIÐFANGSEFNI FYRIRHYGGJU VERKEFNIS III

VERSLUNARMÍÐSTÖÐ – DÝRAGARÐUR – KAFFIHÚS OG SÆLGÆTISBÚÐ

Viðfangsefni fyrir nemandann:

Í dag er upphálds dagurinn þinn, það er helgi og það er líka afmælisdagurinn þinn! Foreldrar þínir hafa skipulagt heilan dag að ósk þinni. Fyrst, muntu heimsækja verslunarmiðstöð með foreldrum þínum og þú munt fá nýtt par af línuskautum. Þú ert búinn að óska þess að eignast þriggja hjóla línuskauta sem fara jafnvel enn hraðar en þeir sem þú átt núna. En foreldrar þínir setja eitt skilyrði: verðið á skónum má ekki vera hærra en 10.000 krónur. Þú myndir helst vilja líka að þeir væru grænir og svartir á litinn. Núna þarftu að velja. **Þú byrjar á verkefninu þegar leiðbeinandinn bankar þrisvar í borðið.**

Eftir að þú ert búinn í verslunarmiðstöðinni, þá ertu að fara með foreldrunum í dýragarðinn. Þú ferð þangað reglulega og þig langar alltaf að fara aftur og sjá hvort eru komin ný dýr í garðinn. Í þetta skiptið langar þig mest að skoða lamadýrin, ylfinga og nashyrninga. **Verkefnið byrjar þegar leiðbeinandinn setur þér fyrir tíma.**

Ferðin í dýragarðinn var mjög þreytandi, svo mamma þín stingur upp á að fara á kaffihús og í sælgætisbúðina. Þó að þig langi í hamborgara, þá er ekki hægt að kaupa þá í sælgætisbúðinni. Eftir þó nokkurn tíma velur þú þér bláberjabúst. Mömmu langar að fá sér ískaffi og pabba langar í súkkulaðikökusneið. Ef það er ekki til súkkulaði kaka, ætlar hann að fá sér bollaköku. Þú þarft að panta fyrir alla fjölskylduna. **Þú vinnur verkefnið þegar þú sérð myndina af trénu.**

FYRIRHYGGJU VERKEFNI III

VERKEFNI

Vinnublað 3

VERSLUNARMÍÐSTÖÐ



Vinnublað 3

DÝRAGARÐUR



Vinnublað 3

KAFFIHÚS OG SÆLGÆTISBÚÐ



Kort



Styrkt af Evrópusambandinu.

Viðhorf og skoðanir sem sett eru fram eru eingöngu frá höfundum og endurspeгла ekki nauðsynlega skoðanir Evrópusambandsins eða European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Hvorki Evrópusambandið né EACEA geta borið ábyrgð á þeim.



RETORE
REMEMBER TO REMEMBER



Samfjármagnað af
Evrópusambandinu